



Dagsetning:	30. nóvember 2016 Kl. 20:00
Fundarstaður	Íþróttamiðstöð GKKG
Fundarstjóri	Gunnar Jónsson
Fundarritari:	Símon Kristjánsson

1. Fundarstjóri og fundarritari kosnir.

- Formaður setti fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Formaður lagði til að Gunnar Jónsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Fundarritari aðalfundar var skipaður Símon Kristjánsson. Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og úrskurðaði að löglega hefði verið til hans boðað og fundurinn þar með lögmætur aðalfundur, bær til afgreiðslu þeirra mála sem fyrir liggja.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

- Finnur Sveinbjörnsson formaður byrjaði á að þakka þeim sem mætt voru á aðalfundinn, en um 70 félagar mættu að þessu sinni. Því næst fór formaður yfir skýrslu stjórnar og bar þar hæst:
- Höfum ærna ástæðu til að gleðjast á þessu starfsári sem er að líða. Ný og stórglæsileg Íþróttamiðstöð GKKG vígð í vor. GKKG-ungmennirnir sýndu góð tilþrif á ýmsum mótum og sópuðu til sín verðlaunum. Birgir Leifur Hafþórsson varð Íslandsmeistari karla og það í sjöunda sinn sem er met. Félögum fjölgaði á ný svo biðlisti hefur myndast. Og vottun GKKG sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ var endurnýjuð. Finnur vildi vekja athygli á eftirfarandi fimm þáttum.
- 1. Íþróttamiðstöð var vígð 9. apríl 2016. Að lokinni formlegri dagskrá klipptu börn í GKKG á borða og staðfestu þannig opnun hússins. Talið að 1000 manns hafi komið í húsið þennan dag. Íþróttamiðstöðin er rúmlega 1.400 m² að stærð. Íþróttamiðstöðin gerbreytir ýmsu í rekstri félagsins. Með æfingasvæði á neðri hæð ásamt golfhermum. Stór veitingasalur og fullbúin fundarherbergi og veitingarekstur gera Íþróttamiðstöðina að ákjósanlegum stað fyrir hvers kyns fundi og veislur. Rekstrarkostnaður GKKG mun óhjákvæmilega vaxa með stærra húsnæði. Á móti kemur glæsileg aðstaða skapar félaginu færi á að afla aukinna tekna.
- 2. Með nýrri íþróttamiðstöð varð gerbreyping á veitingaáðstöðunni. Samið hefur verið við Vigni Hlöðversson um rekstur á veitingasölunni. Vignir er þrautreyndur veitingamaður og gegnheill GKKG-ingur. Miklar vonir eru bundnar við samstarf við hann. Það er einnig mikilvægt við GKKG-ingar verðum dugleg að nýta okkur aðstöðuna og kaupa veitingar hér í Íþróttamiðstöðinni.
- 3. Nýtt aðalskipulag Garðabæjar getur orðið örlagavaldur í sögu GKKG. Mjög mikilvægt er að góð samvinna verði milli GKKG og Garðabæjar og að ekki verði hróflað við athafnasvæði félagsins nema búið verði svo um hnúta að félagið verði ekki lakar sett en áður. Þessu sjónarmiði verður fylgt eftir af festu.
- 4. Rekstur og fjármál. Rekstur GKKG undanfarin ár hefur verið með ágætum. Á því varð engin breyting á árinu 2016. Nam afkoman tæpum 5 m.kr. í plús. Góður stuðningur sveitarfélaganna ásamt góðum stuðningi sjálfbodaliða auðveldaði starfið á árinu.
- Stjórn GKKG lagði áherslu á að skerpa stjórnskipulag félagsins og skilgreina hlutverk, ábyrgð og samspil stjórnar, nefnda á vegum stjórnar og starfsfólks. Þá taldi stjórn ástæðu til að yfirfara lög félagsins og annaðist laganefnd það verkefni. Bergþóra Sigmundsdóttir og Símon Kristjánsson gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru þeim þökkúð góð störf. Einnig voru færðar fyrir hönd stjórnar og allra félagsmanna í GKKG þakkir til Agnars framkvæmdastjóra GKKG og annarra starfsmanna félagsins fyrir góð störf á árinu. Sérstaklega var farið fram á að Símon Kristjánsson muni áfram sjá um skráningu stjórnarmanna sem fara holi í höggi.

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

- Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri GKG fór yfir reikninga klúbbsins fyrir starfsárið 2015 – 2016 og útskýrði þá. Leigutekjur voru mun minni en áætlað var, sem skýrist af því að hermar komu síðar í notkun en reiknað var með. Tekjur af golfmótum voru yfir áætlun, enda mikill áhugi hjá fyrirtækjum að halda mót. Laun voru hærrí en áætlað var, munar miklu að félagið fékk færri starfsmenn frá sveitarfélögunum og þurfti því að bera meiri launakostnað sjálfst. Framlegð var 31 m. kr.
- Hagnaður klúbbsins var kr. 4.958.005-kr.
- Uppgjör á íþróttamiðstöð mjög nálægt áætlunum sem var 668 m.kr. Endanlegur kostnaður 670 m.kr. og því munar 2 m.kr. AMJ fór yfir greiðsluáætlun vegna lána til 2020. Framtíðin er björt ef næstu þrjú ár ganga vel, en halda þarf vel á spöðunum vegna greiðslubyrði þann tíma.
- Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins upp til umræðna og gaf orðið laust.
 - Bergþóra Sigmundsdóttir taldi félagið heppið að byrja bygginguna áður en uppgangurinn í þjóðfélaginu hófst.
 - Ólafur Magnússon var svartsýnn þegar bygging var kynnt en er mjög ánægður með stöðuna núna og er hún betri en hann reiknaði með.
- Reikningarnir voru því næst bornir upp til atkvæða og þeir samþykktir samhljóða.

4. Guðmundur Oddsson heiðraður

- Borin var upp dagskrártillaga, um að víkja frá lögbundinni dagskrá, sem fundarstjóri samþykkti. Stjórn GKG ákvað að gera Guðmund Oddsson, fyrrverandi formann félagsins að heiðursfélaga og þakkaði honum fyrir frábær störf og góða eftirfylgni í samskiptum við sveitarfélögin með samning um byggingu og ríkið vegna leigusamnings. Guðmundur þakkaði fyrir og vildi meina að hann hefði ekki verið einn heldur góður stuðningur frá stjórn og félögum. Óskaði hann eftir að eiginkonan kæmi upp og gaf henni blómvöndinn þar sem hann gleymdi að kaupa blóm þegar þau áttu gullbrúðkaupsafmæli fyrir tveimur mánuðum.

5. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

- Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri GKG

Kynnti tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Í henni er gert ráð fyrir að heildartekjur verði heldur hærrí en árið 2016. Áætlunin er byggð á þeim forsendum að félagsgjöld verði kr. 102.300 fyrir fullborgandi, kr. 71.600 fyrir 67 ára, kr. 51.150- fyrir 19 til og með 24 ára, kr. 24.800- hjá 11 til og með 18 ára og kr. 16.600- hjá 10 ára og yngri.

Gert er ráð fyrir að halda sama félagafjölda á næsta ári. Gert er ráð fyrir aukningu á vallargjöldum með t.d fjölgun útlendinga. Reiknað með aukningu á leigutekjum á næsta ári og inni í því eru allar leigutekjur GKG, þ.e. bílar, boltar og golfhermar. Golfmótum verður ekki fjölgað á næsta ári.

Gert er ráð fyrir launahækkun á árinu vegna fjölgunar starfsmanna. GSÍ gjöld munu lækka á næsta ári. Reiknað með 1.290 fullborgandi félögum og að rekstrahagnaður verði kr. 588.889- Lykilatriði fyrir reksturinn að halda sama fjölda félagsmanna.

- Fundarstjóri bar því næst fjárhagsáætlunina upp til umræðu. Tvær fyrirspurnir komu fram.
 - Gunnar Johnsen spurði hvort ástæða væri til að óttast fækkun félagsmanna í klúbbum.
 - Svar AMJ var að hann telji svo ekki vera.
 - Pálmi Tómasson spurði um kostnað vegna leigu golfherma.

- GJ og AMJ skýrðu út leiguna og var Pálmi sáttur við svarið.
- Fjárhagsáætlun var því næst borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

6. Liður 5 Lagabreytinga

Gunnar Jónsson kynnti lagabreytingar á eftirfarandi lagagreinum í lögum GKG:

- 1 grein
- 2 grein
- 4 grein
- 5 grein
- 6 grein
- 7 grein
- 8 grein
- 10 grein og 11 grein
- 12 grein
- 14 grein

Gunnar bar því næst lagabreytingar upp til umræðu.

- Lórenz Þorgeirsson spurði af hverju að taka fram kvennanefnd í 7. gr.?
- Bergþóra Sigmundsdóttir svaraði því til að gott væri fyrir GKG að vera með þessa nefnd, kvenfólk sækir í GKG m.a. vegna hennar. Þorgrímur Björnsson var sammála þessu og sagðist þekkja konur sem gengu í GKG vegna kvennanefndar GKG.
- Helgi Már Halldórsson vakti athygli á að láðst hefði að breyta golfskála í íþróttamiðstöð í 2. gr., sem verður lagað.
- Atli Ágústsson spurði af hverju öldunganefndin væri lögð niður í 7. gr.
- Svar GJ var að lögin eiga eingöngu við um þær nefndir sem stjórn taldi verða að vera til staðar en stjórn hafi enn heimild til þess að skipa aðrar nefndir, t.d. öldunganefnd sé áhugi hjá félagsmönnum.
- Lagabreytingar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn

- Tillaga kom fram um Finn Sveinbjörnsson sem formann til eins árs og var hún samþykkt með lófaklappi.
- Tillaga kom fram um fjóra stjórnarmenn til tveggja ára, þau Einar G. Guðmundsson, Ingibjörgu Þ. Ólafsdóttur, Ragnheiði Stephensen og Sigmund E. Mátsson og var hún samþykkt með lófaklappi.
- Vegna breytinga á fjölda stjórnamanna úr níu í átta kom fram tillaga um Kristinn Jörundsson í stjórn til eins árs og var hann einnig klappaður í embætti.

8. Kosning endurskoðenda.

- Tillaga um KPMG sem endurskoðendur var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Önnur mál.

- AMJ framkvæmdastjóri kynnti viðhorfskönnun GKG.
- FS formaður veitti eftirfarandi viðurkenningar:
 - Hlynur Bergsson hlaut háttvísibikar GSÍ. Tryggði sér Íslandsmeistaratitil í höggleik 17-18 ára annað árið í röð.
 - Þriðja sæti í Íslandsmóttinu í holukeppni unglunga.
 - Varð stigameistari í flokki 17-18 ára pílta.
 - Var valinn í U-18 piltalandslið Íslands sem keppti á Evrópumóti pílta í Tékklandi.
 - Hlynur er núna með 0,4 í forgjöf.
- Stjórn GKG ákvað að Birgir Leifur Hafþórsson færi fyrstur einstaklinga á frægðarvegg félagsins. FS fór yfir ferilinn sem er einstaklega glæsilegur. Birgir Leifur Hafþórsson sagði nokkur orð. Hann taldi að útnefningin væri merki um að hann væri orðinn svona gamall til að komast á þennan vegg. Hann ætlaði alltaf að fara í fótbolta en féll fyrir golfinu og fór að dreyma og lagði allt í sölnar. Og setti sér markmið og flutti af Skaganum á höfuðborgarsvæðið. Þar hittu hann góða menn sem buðu honum að koma í GKG. Þar fann hann sig mjög vel og hefur fylgst með miklum breytingum á síðustu árum. Hann þakkaði fyrir þann mikla heiður sem sér væri sýndur.
- Elísabet Böðvarsdóttir, holukeppnismeistari GKG var heiðruð.
- Haukur V. Bjarnason sem er 88 ára og hefur náð einstökum árangri í golfi. Hann byrjaði 71 árs 2008, hefur oft spilaði undir lífaldri og hefur farið holi í höggi.
- Dregið var í Facebook leik um tvo vinninga á jólahlaðborð.
- Bergþóra Sigmundsdóttir þakkaði fyrir sig og nefndi að hún væri búin að eiga góð ár í stjórn GKG

Ekki var fleira á dagskrá fundarins. Formaður þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 22:20